

Ed.

840. Lög

um breyting á lögum nr. 43 3. nóv. 1915, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum gufuskipum.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí).

1. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Sá einn, er öðlazzt hefir vélgæzluskirteini, á rétt til að vera undirvéltjóri á íslenzku gufuskipi með 300 ha. vél (indiceret) og minni.

Skirteinið öðlast sá einn, er:

- a. hefir staðizt vélgæzlupróf eða véltjórapróf í véltjóraskóla Reykjavíkur.
- b. hefir stundað járnsmíði í 3 ár og verið kyndari í eitt ár eða verið aðstoð-armaður í vél eða véltjóri með undanþágu í 3 ár og hefir meðmæli smíða þeirra eða véltjóra, er hann hefir unnið með,
- c. hefir ekki verið dæmdur fyrir nokkurt það verk, er svivirðilegt telst að almenningsálit.

Ráðherra setur reglugerð um, hvernig vélgæzlukennslunni skuli háttað og um vélgæzluprófið og prófskilyrði.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sá einn, er fullnægir skilyrðum þeim, er sett eru í 2. gr. laga þessara, og hefir verið undirvéltjóri á gufuskipi með meira en 75 ha. vél (indiceret) í eitt ár, á rétt til að vera yfirvéltjóri á gufuskipum með 300 ha. vél og minni. Hið sama er um þá, er hafa verið véltjórar með undanþágu á gufuskipum, ef þeir hafa staðizt próf í véltjóraskólanum eða vélgæzludeild hans.